REGLUR

um breytingu á reglum nr. 373/2004 um bann við netaveiði göngusilungs við Eyjafjörð.

1. gr.

Við reglurnar bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. greinar er eigendum lögbýla við austanverðan Eyjafjörð, sem rétt hafa til silungsveiði, heimil netaveiði á silungi í sjó í samræmi við ákvæði laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum fram til 15. júlí 2004.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 7. mgr. 14. greinar laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 15. maí 2004.

Árni Ísaksson veiðimálastjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir leyfisveitingar og þjónustu byggingarfulltrúa Skilmannahrepps.

			kr.
A.	**Framkvæmdaleyfisgjald:**	Afgreiðslugjald (lágmark) Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar.	5.000
B.	**Byggingarleyfisgjald:**	Afgreiðslugjald (lágmark)	5.000
	Íbúðarhús	Einbýlishús	28.000
		Íbúðir í sambýlis- og fjölbýlishúsum á íb.	20.000
		Frístundahús að 60 m^2	12.000
		Frístundahús yfir 60 m^2 veiðihús og hliðstæð	18.000
		Bílskúrar/bílskýli/bátaskýli og áþekk hús	14.000
	Hótel, skrifstofu- og verslunarhús	Að 100 m^2 hver hæð í húsi	20.000
		100 til 200 m^2 hver hæð í húsi	60.000
		200 til 500 m^2 hver hæð í húsi	80.000
		500 til 800 m^2 hver hæð í húsi	120.000
	Gripahús	Að 100 m^2	15.000
		100 til 200 m^2	20.000
		200 til 500 m^2	45.000